**Bekkur: 5. bekkur**

**Námsgreinar: Náttúrugreinar**

**Kennarar: Einar S. Sigurðsson og Helga Harðardóttir**

**Tímafjöldi: 3**

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn: Valdir kaflar eftir markmiðum úr Auðvitað, Náttúrulega 1, Lífríkið á landi, Lífríkið í fersku vatni, fróðleiksbrunnur.is ofl.**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Verklag – geta til aðgerða** | Að nemandi:<br>• Geti greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.<br>• Geti rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.<br>• Getið tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti. | Námið byggir á athugunum, rannsóknum, upplýsingaleit og umræðum um þemaskipt viðfangsefni. Kennslan fer bæði fram úti og inni og byggist á einstaklings- og samvinnu nemenda. | Námsmat byggir á frammistöðumati, virkni, sjálfsmati nemenda og leiðsagnarmati. |
| **Verklag – nýsköpun og hagnýting þekkingar** | • Geti fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti.<br>• Geti fjallað um mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru í tengslum við tækni.<br>• Geti unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkaskiptri tímaáætlun.<br>• Geti fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans. | | |
| **Verklag – gildi og hlutverk vísinda og tækni** | • Geti gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri.<br>• Geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.<br>• Geti tengt vinnubrögð í náttúrufræði við lausn annarra verkefna. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Verklag – vinnubrögð og færni** | • Geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.<br>• Geti útskýrt texta um náttúruvísindi og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.<br>• Geti beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.<br>• Geti hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra. | | |
| **Viðfangsefni – Lífskilyrði manna** | • Geti útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.<br>• Geti gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.<br>• Geti lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu. | | |
| **Viðfangsefni – náttúra Íslands** | • Geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.<br>• Geti lýst einkennum plantna og dýra og stöðu þeirra í náttúrunni.<br>• Geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.<br>• Geti útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.<br>• Geti lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd. | | . |
| **Viðfangsefni – heilbrigði umhverfisins** | • Geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.<br>• Geti útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.<br>• Geti lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna. | Tengt við Grænfánaverkefni skólans. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðfangsefni – Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.** | • Geti lýst bylgjuhreyfingum og rætt um nýtingu hljóðs og ljóss.<br>• Geti lýst eiginleikum segla og notkun þeirra. | | |
| | Lykilhæfni | | |
| **Sjálfstæði og samvinna** | • Geti gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.<br>• Geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.<br>• Geti unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.<br>• Geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. | | |
| **Ábyrgð og mat á eigin vinnu** | • Geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.<br>• Geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. | | |